

# Sjómannahög



**Söngbók búin til á [www.guitarparty.com](http://www.guitarparty.com)**

## Efnisyfirlit

Allt á floti . . . . .	3
Einsi kaldi úr Eyjunum . . . . .	4
Gvendur á eyrinni . . . . .	5
Göllavísur . . . . .	6
Kokkur á kúttar frá Sandi . . . . .	7
Kátir voru karlar . . . . .	8
Ship ohoj . . . . .	9
Sjómannavalsinn . . . . .	10
Stolt siglir fleyið mitt . . . . .	11
Suðurnesjamenn . . . . .	12
Vertu sæl mey . . . . .	13
Vor við sæinn . . . . .	14
Á sjó . . . . .	15
Ó, María mig langar heim . . . . .	16
Úti í Eyjum . . . . .	17
Þórður sjóari . . . . .	18

---

# Allt á floti

Höfundur lags: Tommy Steele Höfundur texta: Jón Sigurðsson Flytjandi: Skapti Ólafsson



Það er allt á floti alls staðar,  
ekkert nema sjór, en segðu mér  
Hvað get ég annað en hugsað til þín,  
sem heima bíður þín

Nú er svalt á sjó, sjaldan fæ ég næturro  
við stýrið ég stend og hugsa heim nú  
við stofugluggan ert þú

Hér er allt á floti alls staðar,  
ekkert nema ólgandi haf  
Hvað get ég annað en hugsað til þín,  
sem heima bíður þín

Ég sigl' um heimsins höf,  
hef í mörgum höfnum töf  
Lít ég Grænlands fjöll og Grikklands storð  
og garpar syngja um borð

Allt á floti alls staðar,  
en ekkert til að drekka, segðu mér  
Hvað get ég annað en hugsað til þín,  
sem heima bíður þín

Það er kátt í hverri höfn,  
hirðum ekki um hallir né söfn  
Í farmanns æðum ólgar blóðið ört  
hvort björt er mey eða svört.

Já það er allt á floti alls staðar,  
ekkert nema hú hú húllum hæ  
En sá glaumur aldrei glepur mig,  
ég geymi minning' um þig

Er skipið aftur snýr,  
sjá landið rís úr haf'á ný  
Í nótt verður leikið og dansað dátt  
og lagið sungið kátt

Það er allt á floti alls staðar,  
þó ekki nema tíu tíma stím  
Hvað get ég annað en hugsað til þín,  
sem heima bíður þín

Ég kem til þín í kvöld,  
við kossa blíða og ástareld  
Bæði gleymum við stund og stað  
ég seg'ei meir' um það

Það er allt á floti alls staðar,  
ekkert nema hú hú húllum hæ  
Hvað get ég annað en hugsað til þín,  
sem heima bíður þín  
Bíður, vakir og bíður, tíminn líðurfljótt

# Einsi kaldi úr Eyjunum

Höfundur lags: Jón Sigurðsson Höfundur texta: Jón Sigurðsson Flytjandi: Ragnar Bjarnason



Ég heiti Einsi kaldi' úr Eyjunum.  
Og ég er innundir hjá meyjunum.  
Og hvar sem ég um heiminn fer,  
þær horfa' á eftir mér.  
Ég hef siglt um höfin hrein og blá  
og hitt þær bestu' í Spánía.  
Þær slógust þar um mig, einar þrjár  
með alveg kolsvart hár

En í landi ást og víf.

Tralala. Tralala.  
Úti' á sjónum er mitt líf.  
Tralala. Tralala.  
En í landi ást og víf.

Ég var lengi í kóngsins Kaupinhöfn  
og kanski gæti ég fáein nöfn  
látið þig fá, ef langar þig  
og laglega biður mig.  
Og þaðan fór ég til Þýskalands  
og þar lenti ég í meyjafans,  
því allar vildu þær eignast mann,  
og maðurinn - ég var hann.

Tralala. Tralala.  
Úti' á sjónum er mitt líf.  
Tralala. Tralala.  
En í landi ást og víf.

Og austur á fjörðum eitthvert kvöld  
ég álpaðist í töðugjöld.  
Ég bjargaði mér fyrir björgin dimm,  
því þær báðu mín einar fimm.  
Í Borgarfjörðinn brá ég mér  
á ball, rétt eins og gengur hér.  
Þar hópurinn allur horfði á mig  
og hver vildi reyna sig.

Tralala. Tralala.  
Úti' á sjónum er mitt líf.  
Tralala. Tralala.  
En í landi ást og víf.

Hvort sem ég á leiðir út um sjó,  
til austurheims eða Mexíkó,  
hvort særok er eða siglt í blæ  
mér er sama hvar ég ræ.  
Því ég veit, að hvar sem um ég fer  
bíða meyjarmar eftir mér.  
en hugsu þær um hjónaband  
í hasti ég flý í land.

Tralala. Tralala.  
Úti' á sjónum er mitt líf.  
Tralala. Tralala.

# Gvendur á eyrinni

Höfundur lags: Rúnar Gunnarsson Höfundur texta: Þorsteinn Eggertsson Flytjandi: Dátar



Hann Gvendur á Eyrinni var gamall skútukarl  
og gulan þorskin dró.  
Hann kaus heldur svitabað en kvennafar og svall.  
Í koti einn hann bjó.

Og aldrei sást Gvendur gamli eyða nokkru fé  
og aldrei fékk hann frí.  
Var daufur að skemmta sér og dansspor aldrei sté  
en dvaldi koti sínu í.

Hann vann á eyrinni vikuna allaa  
og fór í aðgerð þegar vel gaf.  
Og vel hann dugði til að afferma dalla  
og dag né nótt hann varla svaf.

Hann hafði í kindakofa átján gamlar ær  
og af þeim gleði hlaut.  
Af alúð og natni oft hann annaðist um þær,  
já, eins og brothætt skraut.

Hann vann á eyrinni vikuna alla  
og fór í aðgerð þegar vel gaf.  
Og vel hann dugði til að afferma dalla  
og dag né nótt hann varla svaf.

Hann Gvendur á Eyrinni var gæðasál og hrein  
sem göfgi hafði sýnt.  
Hann liggur nú örpreyttur og lúin hvílir bein  
og leiðið hans er týnt.

Hann vann á eyrinni vikuna alla  
og fór í aðgerð þegar vel gaf.  
Og vel hann dugði til að afferma dalla  
og dag né nótt hann varla svaf.

# Göllavísur

Höfundur lags: Ási í Bæ Höfundur texta: Ási í Bæ Flytjandi: Ási í Bæ

## Capó á 3.band

Gölli hann var einn af okkur þeyjum  
sem aldrei kannski rétta strikið fann.  
Fæddur var og uppallinn í Eyjum  
og ekki var nú mulið undir hann  
og ekki var nú mulið undir hann.

Fimmtán ára af flestum þeyjum bar hann  
þeir fundust ekki klárari til sjós.  
Af aflakóngum eftirsóttur var hann  
sem afbragðsmaður hlaut hann þökk og hrós.  
sem afbragðsmaður hlaut hann þökk og hrós.

Á meðan aðrir innandyra dvöldu  
og dreyndu um frægð í Cambridge eða Voss  
hans skóli var hjá útsynningi og öldu  
og oft á tíðum hlaut hann votan koss.  
og oft á tíðum hlaut hann votan koss.

En stundum verður för um sæinn sollinn  
svoleiðis að varla sést í land  
þá trúi ég að þeir taki úr sér hrollinn  
og tæmi eina flösku svona í bland.  
og tæmi eina flösku svona í bland.

Þó þeir væru að segja sem sjálfir eitt sinn deyjja  
hve svakalegur værir þú ó, Gölli Valdason  
þá vil ég bara segja að sumir ættu að þegja  
það saknar þeirra enginn ó, Gölli Valdason

Þó hann færi að þjóra meira og meira  
og þó hann væri alltaf til í splæs  
ef út á miðin kallinn vildi keyra  
þá kom hann Gölli strax við fyrsta ræs,  
þá kom hann Gölli strax við fyrsta ræs.

Við gogginn var hann feiknalega fimur  
þeir flutu ekki margir aftur með  
Í úrgreiðslunni öllu meiri limur  
og úthaldið var fáum einum léð,  
og úthaldið var fáum einum léð.

Og alltaf var hann Gölli í ekta skapi  
og í átján stiga frosti er kalt á sjó  
berhentur hann buslaði í krap  
og bara tók í vörina og hló.  
og bara tók í vörina og hló.

Í landlegunum víða flæktist fullur  
og fjúka lét þá orðin laus við tafs  
til þeirra er töldu sérhvern byttu og bullu  
sem blotnað hafði í fleiru en drafi hafs.  
sem blotnað hafði í fleiru en drafi hafs.

Þó þeir væru að segja sem sjálfir eitt sinn deyjja  
hve svakalegur værir þú ó, Gölli Valdason  
þá vil ég bara segja að sumir ættu að þegja  
það saknar þeirra enginn ó, Gölli Valdason

Já, það var satt þeir sendu honum mínu  
sem sjálfir aldrei sprændu á þorskaslóð  
því hann var ekki einn af þessum fínu  
Sem eiga sitt á þurru í sparísjóð.  
Sem eiga sitt á þurru í sparísjóð.

En þeir sem aldrei girntust glasasyndir  
en göfugmennsku tigna allra mest  
þeir ættu að birta sínar sálarmyndir  
og svo skulum við dæma hverjum ferst.  
og svo skulum við dæma hverjum ferst.

Og seinna þegar hinstu skuggar skella  
og skola Gölla upp til næsta lands  
þá ætla ég á leiðið hans að hella  
úr heilli, því að ég mun sakna hans.  
úr heilli, því að ég mun sakna hans.

Þó þeir væru að segja sem sjálfir eitt sinn deyjja  
hve svakalegur værir þú ó, Gölli Valdason  
þá vil ég bara segja að sumir ættu að þegja  
það saknar þeirra enginn ó, Gölli Valdason



# Kokkur á kúttar frá Sandi

Höfundur lags: Ólafur Gaukur Þórhallsson Höfundur texta: Örnólfur í Vík Flytjandi: Ragnar Bjarnason



Ég er kokkur á kúttar frá Sandi.  
Ég fæ kjaftshögg hvern einasta dag.  
Og ekki líður mér betur í landi,  
ef ég lendi við konuna í slag.  
Hún er tvígild að afli hún Tóta  
og ég tala' ekki um sé hún reið,  
enda tek ég þá fljótast til fóta,  
því flótti' er sú einasta leið.

Ég var ungur er Tóta mig tældi.  
Okkar trúlofun samstundis birt.  
Og í hjónaband þvínæst mér þvældi,  
það var óveðursblandað og stirt.  
Því þegar frá leið hljóp fjandinn í svínið  
og er fædd voru ellefu börn,  
þá var búið með gaman og grínið  
þá var grátur mín einasta vörn.

Því á kvöldin er kjaftshögginn dundu,  
svo í kjammana báða mig sveið,  
og tárin af hvörmum mér hrundu,  
þegar hræddur undir rúmið ég skreið.  
Já, þá skemmti' hún sér skjátan sú arna,  
er hún skammirnar dynja á mér lét,  
meðan himdi ég hundflaturlarna  
og hreyfði mig ekki um fet.

En á kúttarnum allir sig krossa,  
ef ég kem fram með viðbrenndan graut.  
Og skipstjórnas brástjórnnum blossa  
meðan bölvur hann rétt eins og naut.  
Og ef kjötsúpan virðist með kekkjum  
eða kjötbollan reynist of hrá,  
þeir kenna slíkt helvítis hrekkjum  
svo hefst skemmtunin vöngum mér á.

Ef ég lifað fæ lengur en Tóta  
er hún leggur á eilífðarbraut,  
skal ég dansa og daganna njóta  
og elda dýrindis rúsínugraut.  
En mig hryllir, ef hittumst við aftur  
er ég héðan af jörðinni fer,  
nema einhver mér ókunnur kraftur  
komi óðar og liðsinni mér.

# Kátir voru karlar

Höfundur lags: J. E. Jonasson Höfundur texta: Geir Sigurðsson Flytjandi: Skagakvartettinn



Kátir voru karlar á kúttar Haraldi.  
Til fiskiveiða fóru frá Akranesi.  
Og allir komu þeir aftur  
og enginn þeirra dó.  
Af ánægju út að eyrum  
hver einasta kerling hló.

Hún hló, hún hó, hún skelli, skellihló.  
Hún hló, hún hó, hún skelli, skellihló.  
La, la, la-la-la-la-la-la-la, la.  
La, la, la-la-la-la-la-la-la, la.



# Ship ohoj

Höfundur lags: Oddgeir Kristjánsson Höfundur texta: Loftur Guðmundsson Flytjandi: Sextett Ólafs Gauks



Sjómannslíf, sjómannslíf  
draumur hins djarfa manns,  
blikandi bárufans,  
býður í trylltan dans.  
Sjómannslíf, sjómannslíf,  
ástir og ævintýr,  
fögnuð í faðmi býr  
brimhljóð og veðragnýr.

Ship ohoj, ship ohoj  
ferðbúið liggur fley.  
Ship ohoj, ship ohoj  
boðanna bíð ég ei.

Við stelpurnar segi ég  
ástarljúf orð,  
einn, tveir, þrír kossar,  
svo stekki ég um borð.

Ship ohoj, ship ohoj  
mig seiðir hin svala dröfn.  
Ship ohoj, ship ohoj  
og svo nýja í næstu höfn.

# Sjómannavalsinn

Höfundur lags: Svavar Benediktsson Höfundur texta: Kristján frá Djúpalæk Flytjandi: Sigurður Ólafsson



Það gefur á bátinn við Grænland  
og gustar um sigluna kalt,  
en togarasjómanni tamast það er  
að tala sem minnst um það allt.  
En fugli sem flýgur í austur  
er fylgt yfir hafið með þrá.  
Og vestfirskur jökull, sem heilsar við Horn  
í hilling með sólroðna brá,  
segir velkominn heim, segir velkominn heim,  
þau verma hin þögulu orð.  
Sértu velkominn heim, yfir hafið og heim.  
Þá er hlegið við störfín um borð.

En geigþungt er brimið við Grænland  
og gista það kys ekki neinn.  
Hvern varðar um draum þess og vonir og þrár,  
sem vakir þar hljóður og einn.  
En handan við kólguna kalda  
býr kona, sem fagnar í nótt  
og raular við bláeygan, sofandi son  
og systur hans, þaggandi hljótt:  
Sértu velkominn heim, sértu velkominn heim.  
Að vestan er siglt gegnum ís.  
Sértu velkominn heim, yfir hafið og heim  
og Hornbjarg úr djúpinu rís.

# Stolt siglir fleyið mitt

Höfundur lags: Gylfi Ægisson Höfundur texta: Gylfi Ægisson Flytjandi: Áhöfnin á Halastjörnunni.



Stolt siglir fleyið mitt stórsjónum á,  
sterklegur skrokkurinn vagnar til og frá.  
Líf okkar allra og limi það ber  
langt út á sjó hvert sem það fer.

Stolt siglir fleyið mitt stórsjónum á,  
stormar og sjóir því grandað ekki fá.  
Við allir þér unnum, þú ást okkar átt,  
Ísland við nálgumst nú brátt.

Ísland, gamla Ísland, ástkær fósturjörð.  
Við eflum þinn hag hvern einasta dag,  
í stormi og hríð, hvert ár, alla tíð.

Stolt siglir fleyið mitt stórsjónum á,  
sterklegur skrokkurinn vagnar til og frá.  
Íslandið stolt upp úr öldunum rís,  
eyjan sem kennd er við ís.

Ísland, gamla Ísland, ástkær fósturjörð.  
Við eflum þinn hag hvern einasta dag,  
í stormi og hríð, hvert ár, alla tíð.

# Suðurnesjamenn

Höfundur lags: Sigvaldi Kaldalóns Höfundur texta: Ólína Andrésdóttir Flytjandi: Savanna Tríoíð



Sæmd er hverri þjóð að eiga sægarpa enn.  
Ekki var að spauga með þá Útnesjamenn.

Sagt hefur það verið um Suðurnesjamenn  
fast þeir sóttu sjóinn og sækja hann enn.

Unnur bauð þeim faðm sinn svo ferleg og há.  
Kunnu þeir að beita hana brögðum sínum þá.

Sagt hefur það verið um Suðurnesjamenn  
fast þeir sóttu sjóinn og sækja hann enn.

Kunnu þeir að stýra, og styrk var þeirra mund.  
Bárum ristur byrðingarnir ólífisund.

Sagt hefur það verið um Suðurnesjamenn  
fast þeir sóttu sjóinn og sækja hann enn.

Ekki er að spauga með íslenskt sjómansblóð,  
ólgandi sem hafið og eldfjallaglóð.

Sagt hefur það verið um Suðurnesjamenn  
fast þeir sóttu sjóinn og sækja hann enn.

Ásækið sem logi og áræðið sem brim,  
hræðist hvorki brotsjó né bálviðra glym.

Sagt hefur það verið um Suðurnesjamenn  
fast þeir sóttu sjóinn og sækja hann enn.

Gull að sækja' í greipar þeim geigvæna mar  
ekki nema ofurmennum ætlandi var.

Sagt hefur það verið um Suðurnesjamenn  
fast þeir sóttu sjóinn og sækja hann enn.

# Vertu sæl mey

Höfundur lags: Loftur Guðmundsson Höfundur texta: Ási í Bæ Flytjandi: Björgvin Halldórsson



Við brimsorfna kletta  
bárurnar skvetta  
hvítfectum öldum  
á húmdökkum kvöldum,  
sjómanninn laða og seiða.  
Skipstjórar kalla, skipanir gjalla,  
vélarnar emja, æpa og lemja,  
á haf skal nú haldið til veiða.

Vertu sæl mey  
Ég kem aftur er kvöldar á ný.  
Gleymdu mér ei.  
þó að brimið sér bylti með gny.  
Eigir þú yl  
handa sjómanni' er sjöstjarnan skín,  
þá stendur hann brosandi' í stórsjó og byl  
við sinn stjórnvöl og hugsar til þín.

# Vor við sæinn

Höfundur lags: Oddgeir Kristjánsson Höfundur texta: Árni úr Eyjum Flytjandi: Grettir Björnsson



Bjartar vonir vakna  
í vorsins ljúfa blæ,  
bjarmar yfir björgum  
við bláan sæ.  
Fagur fuglasöngur  
nú fyllir loftin blá,  
brjóstin ungu bifast  
af blíðri þrá.

Í æðum ólgar blóð  
í aftansólar glóð,  
ég heyri mildan hörpuslátt.  
Ég heyri huldumál,  
er heilla mína sál  
við hafið svalt og safirblátt.

Komdu vina kæra,  
ó, komdu út með sjó,  
bylgjur klettinn kyssa  
í kvöldsins ró.  
Viltu með mér vaka,  
þú veist ég elska þig.  
Komdu vina kæra,  
og kysstu mig.

# Á sjó

Höfundur lags: V. Doonican Höfundur texta: Ólafur Ragnarsson Flytjandi: Hljómsveit Ingimars Eydal



Á sjó (á sjó) þeir sóttu fyrr  
og sigld'um höfin blá  
Þeir eru fræknir fiskimenn  
og fást við úfinn sjá  
Milli hafn'um heiminn  
þeir halda sína leið  
Á sjó (á sjó) þeir sækja enn  
og sigl'um höfin breið

Á sjó (á sjó) þeir sótti fyrr  
og sigld'um höfin blá  
Þeir eru fræknir fiskimenn  
og fást við úfinn sjá  
Milli hafn'um heiminn  
þeir halda sína leið  
Á sjó (á sjó) þeir sækja enn  
og sigl'um höfin breið  
Á sjó, á sjó.

Fræknir sjómenn fyrrum komu að  
frjálsri Íslands strönd  
þeir héðan sigld'um höfin djúp  
og herjuðu ókunn lönd  
En síðan margir sægarpar  
siglt hafa landi frá  
bátar þeirra borist hafa  
bylgjum sjávar á

Á sjó (á sjó) þeir sóttu fyrr  
og sigld'um höfin blá  
Þeir eru fræknir fiskimenn  
og fást við úfinn sjá  
Milli hafn'um heiminn  
þeir halda sína leið  
Á sjó (á sjó) þeir sækja enn  
og sigl'um höfin breið

Þeir staðið haf'í stormi  
og stórsjó dag og nótt  
móti bylgjum frost og fanna  
fast þeir hafa sótt  
Er skipið öslar öldurnar  
þá ólgar þeirra blóð  
þeir eru sannir sjómenn  
til sóma okkar þjóð

Á sjó (á sjó) þeir sóttu fyrr  
og sigld'um höfin blá  
Þeir eru fræknir fiskimenn  
og fást við úfinn sjá  
Milli hafn'um heiminn  
þeir halda sína leið  
Á sjó (á sjó) þeir sækja enn  
og sigl'um höfin breið

Þeir sífellt far'um sjávarleið  
og sigla varning heim  
fiskinn góða fær' á land  
við fögnum öllum þeim  
Þeir lifa djarft á land' og sjó  
í leik og hverri þraut  
þeir eru hafsins hetjur  
þeim heiður fall'í skaut

# Ó, María mig langar heim

Höfundur lags: Tills Wilkins Höfundur texta: Ólafur Gaukur Þórhallsson Flytjandi: Ýmsir



Hann sigldi út um höfin blá í 17 ár  
og sjómennsku kunni hann upp á hár,  
Hann saknaði alla tíð stúlkunnar  
og mynd hennar stöðugt í hjarta hann bar.

Ó, María mig langar heim.  
Ó, María mig langar heim.  
Því heima vil ég helst vera.  
Ó, María hjá þér.

Í höfnum var hann hrókur mikils fagnaðar  
hann heillaði þar allar stúlkurnar  
en aldrei hann meyjarnar augum leit  
það átti ekki við hann að rjúfa sín heit.

Ó, María mig langar heim.  
Ó, María mig langar heim.  
Því heima vil ég helst vera.  
Ó, María hjá þér.

Loks kom að því, hann vildi halda heim á leið  
til hennar sem sat þar og beið og beið  
hann hætti til sjós, tók sinn hatt og staf  
og heimleiðis sigldi um ólgandi haf.

Ó, María mig langar heim.  
Ó, María mig langar heim.  
Því heima vil ég helst vera.  
Ó, María hjá þér.

En fleyið bar hann aldrei heim að fjarðarströnd.  
Hann siglir ei lengur um ókunn lönd.  
En María bíður og bíður enn  
Hún bíður og vonar hann komi nú senn.

Ó, María mig langar heim.  
Ó, María mig langar heim.  
Því heima vil ég helst vera.  
Ó, María hjá þér.



# Úti í Eyjum

Höfundur lags: Jakob Frímagnússon Höfundur texta: Egill Ólafsson Flytjandi: Stuðmenn



Úti í Eyjum - bjó Einar kaldi - er hann hér enn?  
Hann var öðlingsdregur, ja svona eins og gengur  
um Eyjamenn.

Í kvenmannsholdið kleip hann soldið  
klípur hann enn?

Hann sigldi um sæinn, svalan æginn  
siglir hann enn?

Allir saman nú:

Tra-la-la, tra-la-la la-la,  
hann bjargaði sér fyrir björgin dimm,  
Tra-la-la, tra-la-la la-la,  
þær báðu hans einar fimm.

Hann unni einni, Önnu hreinni,  
ann'ann'enn'enn?

En hvar er Anna, elsku Anna?

Við spyrjum konur og menn.

Hann sást með Guddu, sætri buddu,  
í suðlægri borg,

en Anna situr, ein og bitur,

í ástarsorg.

Allir saman nú:

Tra-la-la, tra-la-la la-la,  
hann bjargaði sér fyrir björgin dimm,  
Tra-la-la, tra-la-la la-la,  
þær báðu hans einar fimm.

Mér er sem ég sjá'ann Einar kalda,  
mér er sem ég sjá'ann Einar hér.  
Er hann Einsí kannski búinn að tjalda  
við hliðina á þér...

Mér er sem ég sjá'ann Einar kalda,  
mér er sem ég sjá'ann Einar hér.  
Er hann Einsí kannski búinn að tjalda  
við hliðina á þér...

# Þórður sjóari

Höfundur lags: Ágúst Pétursson Höfundur texta: Kristján frá Djúpalæk Flytjandi: Vilhjálmur Vilhjálmsson



Hann elskaði þilför, hann Þórður,  
og því komst hann ungur á flot.  
Og hann kunni betur við Halann  
en hleinarnar neðan við Kot.  
Hann kærði sig ekkert um konur,  
en kunni að glingra við stút,  
og tæki 'ann upp pyttlu er töf var á löndun,  
hann tók 'ana hvíldarlaust út.

Og þá var hann vanur að segja til svona:  
Ja, sjómennskan er ekkert grín.  
Þó skyldi ég sigla um eilífan aldur,  
ef öldurnar breyttust í vín.  
Þó skyldi ég sigla um eilífan aldur,  
ef öldurnar breyttust í vín.  
Ja, sjómennskan, ja, sjómennskan,  
ja, sjómennskan er ekkert grín.  
Ja, sjómennskan, ja, sjómennskan,  
ja, sjómennskan er ekkert grín.